

Steinunn Þórðardóttir
öldrunarlæknir og formaður
Læknafélags Íslands



Raddir og reynsla íslenskra lækna

Við lifum á tímum vaxandi upplýsinga-óriðu sem er ógn við starfsumhverfi lækna og við heilbrigðisþjónustu framtíðar. Áskoranirnar sem upplýsinga-óriðunni fylgja endurspeglast hvað skýrast á ögurstundum eins og í nýf-stöðnum heimsfaraldri COVID-19. Þar varð óreiðan, misvísandi upplýsingagjöf og umræðan á tímabilum þess valdandi að lækna og aðrir heilbrigðisstarfsmenn þurftu að sitja undir svívirðingum og jafnvel þola ofbeldi fyrir það eitt að sinna störfum sínum eftir bestu fyrirliggjandi þekkingu. Alþjóðlega varð marktæk aukning á bæði andlegu og líkamlegu ofbeldi gegn læknum og hjúkrunarfræðingum í faraldrinum og versnaði það eftir því sem á hann leið.¹ Á tímum þar sem aldrei hefur verið auðveldara að ýta undir upplýsingaóriðu, meðal annars í gegnum samfélagsmiðla, er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að raddir lækna heyrist í opinberri umræðu og að tryggt sé að almenningur hafi aðgang að áreiðanlegum uppsprettum upplýsinga.

Íslenskir lækna hafa verið öflugir í opinberri umræðu og örlátir á sérþekkingu sína þegar eftir henni er leitað. Sem dæmi um þetta má nefna opin málþing sérstaklega ætluð almenningi á Læknadögum á undanförunum árum. Eins er *Læknablaðið* uppfyllt af fróðleik í mánuði

hverjum, fróðleik sem á erindi við samfélagið og vekur mjög oft athygli annarra fjölmiðla.

Lækna hafa þó ítrekað kallað eftir því að fagleg röð lækna heyrist víðar og oftast, ekki hvað síst í ljósi fyrrnefndrar upplýsingaóriðu og misvísandi umræðu. Ákallið kemur einnig frá fólkinu í landinu. Upplifunin er sú að upplýsingaóriðan, auk vaxandi áhuga fjárfesta á markaðssetningu misvel rannsakaðra úrræða til heilsueflingar, forvarna og jafnvel „lækninga“, hefur valdið því að almenningur veit stundum ekki í hvorn fótinn hann á að stíga.

Læknafélagið vill nú svara þessu ákalli með því fara af stað með fundaröð fyrir almenning. Við munum rýna mál líðandi stundar og leita til sérfræðinga læknastéttarinnar á hinum ýmsu sviðum til að sitja fyrir svörum um málefni sem brenna á samfélaginu. Með þessu er ætlunin að skapa vettvang þar sem almenningur hefur aðgang að læknum og lækna fá möguleika á að deila þekkingu sinni með almenningi. Þannig fáum við lækna tækifæri til að gefa af okkur til stærri hóps en við náum til í okkar daglegu störfum. Fundirnir verða aðgengilegir á heimasíðu félagsins til þess að tryggja að sem flestir geti notið góðs af.

Sérþekking íslenskra lækna er ómetanleg auðlind. Fundaröðin er eingöngu

ein af mörgum leiðum sem við þurfum að nýta til að þekking lækna gagnist samfélaginu. Hér erum við í þeirri einstöku stöðu að lækna leita sér menntunar mjög víða, bæði grunnmenntunar og framhaldsmenntunar. Sú mikla þekking og innsýn í störf og rekstur heilbrigðiskerfa á alþjóðavettvangi sem safnast hefur saman hér gerir okkur kleift að velja úr það sem best reynist við veitingu heilbrigðisþjónustu og einnig að forðast mistök annarra. Þetta er einn af helstu styrkleikum heilbrigðisþjónustu okkar, styrkleiki sem stjórnvöld og stjórnendur heilbrigðisstofnana ættu að nýta sér í mun meiri og kerfisbundnari mæli en nú er gert. Eins vil ég hvetja íslenska lækna, sem einstaklinga og í krafti sérgreinafélaga sinna eða aðildarfélaga LÍ, að vera í virku samtali við stjórnvöld um skipulag og þróun heilbrigðisþjónustunnar. Þannig leggjum við lækna okkar lóð á vogarskálarnar, veitum nauðsynlegt aðhald og tökum sameiginlega ábyrgð með stjórnvöldum á veitingu fyrsta flokks heilbrigðisþjónustu til framtíðar á Íslandi.

Heimild

- Zhang S, Zhao Z, Zhang H, et al. Workplace violence against healthcare workers during the COVID-19 pandemic: a systematic review and meta-analysis. *Environ Sci Pollut Res Int* 2023 ;30: 74838-52.



Stjórn Læknafélags Íslands Steinunn Þórðardóttir formaður Félag almennra lækna Sólveig Bjarnadóttir, Teitur Ari Theódórsson

Félag íslenskra heimilislækna Margrét Ólafía Tómasdóttir, Oddur Steinarsson Félag sjúkráhlækna Theódór Skúli Sigurðsson, Magdalena Ásgeirsdóttir

Læknafélag Reykjavíkur Ragnar Freyr Ingvarsson, Katrín Ragna Kemp